

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, landfylling við Glerárós.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að landfylling milli Gleráróss og flotkvíar verður aukin um u.þ.b. 9000 m² frá gildandi aðalskipulagi. Áformað er að fyllingin verði nýtt sem útilagersvæði fyrir Hafnarsamlag Norðurlands og þar verði ekki reistar varanlegar byggingar aðrar en þær sem nauðsynlegar eru til þess að skapa þeirri starfsemi lágmarksaðstöðu. Landfyllingin er skilgreind sem hafnarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.